



## Leiðbeiningar Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands vegna umsókna um styrki fyrir 2014

Síðasti skiladagur umsókna er mánudagurinn **7. apríl 2014**. Umsóknir berist rafrænt á eyðublaði Vísindasjóðs ÖFFÍ: [ingihj@hi.is](mailto:ingihj@hi.is)

Hámarksupphæð styrks árið 2014 er 300.000 kr.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu ÖFFÍ, [oldrun.is](http://oldrun.is). Umsækjandi þarf að byrja á því að vista það á sinni tölvu, fylla síðan út þar og meðhöndla sem venjulegt ritvinnsluskjal.

Vinsamlega sendið ekki fylgiskjöl með umsókninni nema brýna nauðsyn beri til. Allar nauðsynlegar upplýsingar eiga að koma fram á umsóknareyðublaðinu. Spurningarlista má þó senda með í sérskjali. Ekki þarf að senda inn spurningalista sem eru þekktir eða staðlaðir.

Ef aðalumsækjandi sendir ekki sjálfur tölvupóstinn með umsókninni er beðið um að nafn hans komi fram í efnislýsingu (subject) tölvupóstsins. **Sendandi fær tölvupóst um móttöku umsóknar.**

Nánari upplýsingar fást hjá Ingibjörgu Hjaltadóttur formanni Vísindasjóðs ÖFFÍ ([ingihj@hi.is](mailto:ingihj@hi.is))

Vísindasjóður ÖFFÍ veitir ekki fleiri en einn styrk til sama verkefnis hverju sinni. Sjóðurinn veitir ekki styrki til rannsókna sem þegar er búið að framkvæma.

Umsóknin skal vera á íslensku eða ensku. Þó skal heiti verkefnis og stutt lýsing í lið lið 7 vera á íslensku.

### 1a. Aðalumsækjandi

Einungis skal vera einn aðalumsækjandi sem er ábyrgðarmaður verkefnisins.

## **1b. Ef um er að ræða nemaverkefni**

Leiðbeinandi verkefnis er aðalumsækjandi. Upplýsingar um nemann/meðumsækjandann eru skráðar hér. Styrkir eru veittir vegna doktorsverkefna, meistara- eða sambærilegra verkefna (þ.m.t. unglæknaverkefni).

**2. Heiti verkefnis.** Hér skal rita heiti verkefnis á íslensku.

**3. Frumumsókn eða framhaldsumsókn.** Spurt er um það hvort Vísindasjóður ÖFFÍ hafi styrkt sama verkefni áður, sé svo þarf að skila framvinduskýrslu. Sjá eyðublað aftast í eyðublöðum. Athugið að ekki er hægt að vísa í eldri umsóknir til sjóðsins um upplýsingar.

**4. Fræðasvið og fræðigreinin verkefnisins.** Þessi flokkun veitir yfirsýn yfir dreifingu á verkefnum og styrkjum hjá ÖFFÍ, sjá lista aftast.

**5. Samstarfsaðilar.** Helstu samstarfsaðilar við verkefnið og upplýsingar um þá.

**6. Upphaf verkefnis og áætluð lok þess**

**7. Hnitmiðuð lýsing á verkefninu** (hámark 250 orð – á íslensku/ensku?) Markmið, aðferðir, vísindalegt gildi. Beðið er um stutta lýsingu á verkefninu, svo sem hvað fyrirhugað er að rannsaka, lýsingu á helstu aðferðum og væntanlegri gagnsemi af niðurstöðum þess.

**8. Staða þekkingar á sviði verkefnisins** (hámark 1000 orð, fyrir utan heimildalista - hámark 20 heimildir) Skýr yfirsýn yfir stöðu alþjóðlegrar þekkingar á því sviði sem verkefnið byggir á. Styðjið mál ykkar með tilvísunum í fagrit og aðrar viðurkenndar faglegar heimildir. Nauðsynlegt er að vanda til þessa þáttar í umsókninni og alls ekki að vísa í eldri umsóknir til sjóðsins.

**9. Lýsing á gagnsemi og framlagi verkefnisins** (hámark 200 orð) Fræðilegt, tæknilegt, hagrænt og/eða heilsufarslegt gildi niðurstaðna. Lýsið í nokkrum línunum gildi verkefnisins hérlendis og/eða í alþjóðlegu samhengi. Verður mælanlegur árangur af verkefninu og er líklegt að niðurstöður leiði til birtingar í erlendum vísindatímaritum? Hverjar telur aðalumsækjandi vera höfuðástæður þess að Vísindasjóði ÖFFÍ beri að styrkja verkefnið.

**10. Lýsing á verkefninu** (hámark 1000 orð) Lýsing á aðferðum, þýði/úrtaki, búnaði og mælitækjum sem nýtt verða og hvort þau hafi verið forprófuð, tilgreint ef rannsóknarúrtak er mjög stórt eða rannsóknin nýnæmi. Útskýra þarf stærð og gerð þýðis, hvers vegna það er valið þannig, og hvort úrtakið er nægilega stórt til að tölfræðileg marktækni náist. Mikilvægt er að fram komi hvort spurningalistar hafi verið staðlaðir. Mælitæki geta verið ýmiss konar, t.d. spurningalistar eða rannsóknarmælitæki. Upplýsingar um tækjabúnað eða spurningalistar fylgi umsókninni sé ekki um þekkt og staðlaða spurningalista að ræða (þó er nauðsynlegt að segja frá þeim í umsókninni).

**11. Framkvæmdaáætlun rannsóknarinnar** (hámark 700 orð) Lýsið framkvæmda- og tímaáætlun. Nauðsynlegt er að taka fram hlutverk og vinnuframlag sérhvers rannsakanda við framkvæmd verkefnisins. Beðið er um tímamörk einstakra atriða.

**12. Kostnaðaráætlun og önnur fjármögnun rannsóknarverkefnis.** Tilgreinið áætlaðan kostnað við einstaka þætti rannsóknarinnar og rökstyðjið. Hverjum verða greidd laun? Mikilvægt er að kostnaðaráætlunin sé trúverðug. Vísindasjóður ÖFFÍ veitir ekki styrki vegna ráðstefnuferða eða kynninga á niðurstöðum.

Sé rannsóknin kostnaðarsamari þarf að gera grein fyrir því til hvaða þátta hennar er fyrirhugað að nota styrkinn. Gerið grein fyrir annarri fjármögnun verkefnisins, þar með talið hvort sótt hefur verið um eða fyrirhugað er að sækja um aðra styrki og þá hvert.

**Laun:** Laun með launatengdum gjöldum, hverjum greidd

**Önnur fjármögnun:** Hafa fengist aðrir styrkir og þá hvaða og hve háar upphæðir?

**Aðrar umsóknir um styrki til rannsóknarinnar:** Hér skal telja aðra styrki sem sótt hefur verið um.

**13. Stutt ferilskrá og ritaskrá aðalumsækjanda og meðumsækjanda.** Einnig skal geta um einkaleyfi ef það á við, boðsfyrirlestra, störf sem andmælandi, handleiðslu doktors-og meistaranema og faglegar viðurkenningar og/eða verðlaun.

#### **14. Hefur verið sótt um leyfi til rannsóknarinnar**

Taka skal fram hvort leyfi hafi fengist til rannsóknarinnar hjá viðeigandi aðilum (Siðanefnd, Vísindasiðanefnd, Persónuvernd, Lífssýnasafni, framkvæmdastjóra lækninga o.fl.). Skráið númer umsókna/leyfa. Hafi rannsóknin í för með sér upplýsingaöflun sem gæti talist siðferðilegt álitamál þurfa viðeigandi leyfi að liggja fyrir. Dæmi um slíkt er til dæmis rannsókn á síðkomnum erfðasjúkdómum.

**15. Fyrri styrkveitingar úr Vísindasjóði ÖFFÍ - framvinduskýrsla.** Styrkveitingar úr Vísindasjóði til fyrri vísindaverkefna verkefnisstjóra (og aðalumsækjanda ef við á) og stutt lýsing á framgangi/árangri þeirra verkefna, m.a. í formi greinabirtinga. Vinsamlega fyllið út framvinduskýrslu aftast í umsóknareyðublöðum.

**Fylgiskjöl:** Vinsamlega athugið að ekki er ætlast til að send séu fylgiskjöl með umsókninni nema brýna nauðsyn beri til. Leitast skal við að allt sé í umsókninni. Þó má senda sem fylgiskjöl spurningalista og einnig óbirt handrit vegna framvinduskýrslu eldri styrkja. Ekki þarf að senda inn þekkta og staðlaða spurningalista.